

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 94/2025

2025/EES/46/05

frá 8. maí 2025

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2878 frá 8. nóvember 2024 um samþykki fyrir grunnefninu *Allium fistulosum*, unnið, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2848 frá 11. nóvember 2024 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar samþykkistímabil fyrir virku efnin fenpýrasamín og flúmetralín ⁽²⁾.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 13a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011):

„– **32024 R 2878:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2878 frá 8. nóvember 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/2878, 11.11.2024),

– **32024 R 2848:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2848 frá 11. nóvember 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/2848, 12.11.2024).“
2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 13zzzzzzzzzzzzzzza (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2806):

„13zzzzzzzzzzzzzzzb. **32024 R 2878:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2878 frá 8. nóvember 2024 um samþykki fyrir grunnefninu *Allium fistulosum*, unnið, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L, 2024/2878, 11.11.2024).“

2. gr.

Texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2024/2878 og (ESB) 2024/2848, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. maí 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2878, 11.11.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2878/oj⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2848, 12.11.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2848/oj^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. maí 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.